



Dagskrá

12. Stjórnarfundurinn haldinn á Teams Þriðjudaginn 15.sept 2020

Mættir voru: Bragi Þór, Bjarni Þór, Sigga, Guðrún, Rakel og Borgar Páll.

Bragi setur fund klukkan 17:05

Efni fundarins er að fjalla um það tilboð sem barst frá UMFÍ varðandi verkefni sem UMSB gæti tekið að sér fyrir UMFÍ og þá hvaða áhrif það hefur á t.d starfshlutfall framkvæmdarstjóra og hvort flytja þurfi til verkefni sem hann hefur sinnt.

Bragi talaði um að það væri að vissu leyti spennandi að UMSB yrði leiðandi í því að taka að sér verkefni fyrir UMFÍ.

Það mætti skoða hvort ekki sé best að hafa samning um þetta til lengri eða jafnvel í stuttan tíma til að byrja með.

Borgar nefndi að það væri gott að vita hvort um væri að ræða 40% jafnt álag eða hvort um sé að ræða álagpunkta sem valdi þá því að það skapist árekstrar við starfið hjá UMSB.

Allir fundarmenn voru sammála því að þetta væri þess virði að reyna þetta.

Umræður sköpuðust um hvernig Borgarbyggð lítur á þetta og hvort þau krefjast einhverra skipulagsbreytinga.

Það þarf kannski að ræða við Sigga um það hvernig hann sér þetta og jafnvel að ræða í framhaldinu um kaup og kjör þannig að allir séu sáttir.

Spurning hvort hægt væri að nýta hluta af þeim "hagnaði" sem myndi skapast vegna greiðslna frá UMFÍ t.d til þess að nýta fyrir starfsmann stærstu deildanna og hjálpa þeim við dagleg störf. Gæti þessi aðili hjálpað deildunum t.d í sambandi við bókhald, launamál og fleira.

Best væri að ræða við formenn deildanna og athuga hver vilji þeirra er og hvar þörfin liggur.

En fundurinn samþykkir að Bragi fari í viðræður við UMFÍ um þessi mál og samhliða því þarf að ræða við Sigga og Davíð um hvernig fyrirkomulagið verður. Það þarf að passa að Sigga Dóra sé með í ráðum.

Fundi slitið klukkan 18:15